

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	20.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Samráðsfundur
- Endurskoðun starfsleyfis og vöktunaráætlunar
- Kynningar frá Umhverfisstofnun
 - Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits
 - Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar
 - Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Í samræmi við gr. 4.9 í starfsleyfi rekstraraðila fór fram samráðsfundur með Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Rekstraraðili fór yfir niðurstöður umhverfissvöktunar ársins 2022 og losunartölur. Einnig var rætt um niðurstöður vöktunar á flúor í grasi sumarið 2023, en rekstraraðili tilkynnti Umhverfisstofnun þann 13. september sl. að heildarniðurstöður fyrir flúor í grasi utan þynningarsvæðis væri 50,2 ug/g þar sem viðmið í vöktunaráætlun eru 40 ug/g. Samkvæmt vöktunaráætlun, sem Alcoa Fjarðaál leggur fram og er samþykkt af Umhverfisstofnun, er grasi safnað á 30 sýnatökustöðum utan þynningarsvæðis með reglubundnu millibili yfir sumarmánuðina. Styrkur flúors er mældur í öllum sýnum.

Farið var yfir tillögu að breytingu á starfsleyfi rekstraraðila, en nú stendur yfir uppfærsla á starfsleyfi álvera í landinu þannig að þau samræmist að fullu niðurstöðum um bestu fánlegu tækni (BAT) sem og að verið er að fella niður þynningarsvæði álveranna.

Umhverfisstofnun kynnti breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits, nýja gjaldskrá stofnunarinnar sem tók gildi 1. Mars sl. og gagnagrunn um mengaðan jarðveg sem stofnunin vinnur að.

Farið var í skoðunarferð í annað þurrhreinivirki rekstraraðila og skautsmiðjuna. Ekki var tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.11.2023

Sigríður Magnúsdóttir